



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	SRN18010015 Frumvarp til nýrra umferðarlaga - 2018
Ráðuneyti	Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	18. janúar 2018

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

- Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkon eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins? Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum
- Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
- Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun
- Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu

Vinna við frumvarp að umferðarlögum mun að nokkru byggja á eldri frumvarpi sem var síðast lagt fyrir Alþingi 2012-13. Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins við það frumvarp, var niðurstaða kostnaðarmats sú, að verði frumvarpið að lögum, muni það hafa óveruleg áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

Ekki er að búast við breytingu á umfangi verkefna hjá stofnunum frá því sem nú er. Frumvarpið snýr fyrst og fremst að hegðunarreglum og öðru því um líku. Ekki er gert ráð fyrir að flytja verkefni milli stofnana, auka á verkefni eða breyta þeim frá því sem nú er. Rétt er þó að hafa í huga að vegaeftirlit sem hefur verið tímabundið hjá lögreglu gæti hugsanlega verið flutt þangað til frambúðar.

2. Tekjubreytingar

Ekki er gert ráð fyrir meiriháttar tekjubreytingum verði frumvarpið samþykkt en þó standa líkur til þess að verði ákvæði um hlutlæga ábyrgð eigenda ökutækja á sektum vegna hraðakstursbrota og þess að aka gegn rauðu ljósi sem hraðamyndavélar nema að veruleika, innheimtist stærrí hluti sekta en áður. Má í þessu sambandi benda sérstaklega á bílaleigubifreiðar. Jafnframt má gera ráð fyrir því að hámarksfjárhæð sekta verði hækkuð.

3. Útgjaldabreytingar

Ekki eru fyrir séðar breytingar á útgjöldum en þó má gera ráð fyrir einhverri tilfærslu fjármuna verði vegaeftirlit fært. Í dag fer vegaeftirlit fram hjá lögreglu, frá því 1. janúar 2016. Áður hafði eftirlitið verið hjá Samgöngustofu og en var fært tímabundið til lögreglu til tilraunar til tveggja ára. Afstaða ráðherra liggur ekki fyrir hvort færa skuli eftirlitið endanlega til lögreglu.

4. Eignabreytingar

Ekki fyrir séðar

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

- Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í

fjárlögum

- Ósamræmi ekki fyrir séð.
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál
 - Ósamræmi ekki fyrir séð.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
 - Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa nein áhrif á uppbyggingu skattkerfis og ekki teljandi áhrif á uppbyggingu tekjuöflunar ríkissjóðs utan þess að mögulega munu fleiri og mögulega lítilllega hærri sektir innheimtast en verið hefur.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur
 - Ekki er gert ráð fyrir nýjum heimildum til innheimtu þjónustugjalda.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi
 - Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa nein áhrif á rekstrarform ríkisstarfsemi.
- f) Opinber innkaup og útboð
 - Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa nein áhrif á opinber innkaup og útboð.
- g) Eignaumsýsla ríkisins
 - Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa nein áhrif á Eignaumsýslu ríkisins.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna
 - Ekki er búist við því að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa nein áhrif á réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara. – Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að fela í sér neina ríkisstyrki eða ívilnanir.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

- a) í gildandi fjárlögum:
 - Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins í gildandi fjárlögum. Ástæða þess er að gildandi fjárlög hafa aðeins lagagildi til loka þessa árs og ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi á gildistíma þeirra.
- b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs:
 - Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa teljandi áhrif í fjárlagafrumvarpi komandi árs sökum þess að ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið öðlist lagagildi á gildistíma fjárlaga komandi árs.
- c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar:
 - Ekki er útlit fyrir að fjárhagsáhrif á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa veruleg áhrif í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Þó verður mögulega eitthvað um tilfærslur fjármuna milli stofnana.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Ekki er reiknað með því að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér veruleg aukin útgjöld. Verkefni munu ekki breytast að miklu leyti frá því sem nú er. Þó er gert ráð fyrir því að tilfærsla fjármuna geti orðið einhver og mun það skýrast á síðari stigum vinnu við frumvarpið.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa í för með sér meiriháttar breytingar eða auknar leiðir til tekjuöflunar. Þó standa líkur til þess að ef í frumvarpinu verður að finna ákvæði um hlutlæga ábyrgð á sektum vegna hraðaksturs og aksturs gegn rauðu ljósi sem hraðamyndavélar nema, innheimtist stærri hluti sekta en verið hefur. Má í þessu sambandi sérstaklega nefna sektir á bílaleigubifreiðar. Þá munu mögulega innheimtast lítilliga hærri sektir en verið hefur, verði hámarksfjárhæð sekta hækkuð úr kr. 300.000 í kr. 500.000.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið

- Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa áhrif sem máli skipta varðandi hagstjórnarsjónarmið.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.

- Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“
- Á ekki við skv. 1. gr. laga um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999.

3. Samkeppnisskilyrði

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta)
 - Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa áhrif á fjölda fyrirtækja á markaði að neinu leyti.
- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)
 - Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins leiði til þess að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti.
- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd)
 - Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa neinar breytingar í för með sér sem leitt geti til takmarkana á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni.
- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)
 - Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa takmarkandi áhrif á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

- Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa nein áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

- Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa neinar breytingar í för með sér sem muni koma til með að hafa áhrif á frelsi til að veita þjónustu.

3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**

- Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

- Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa nein áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu.

4. **Áhrif á byggðalög**

- Ekki er fyrir séð að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér breytingar sem komi til með að hafa teljandi áhrif á byggðalög.

5. **Áhrif á frjáls félagasamtök**

- Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa áhrif á frjáls félagasamtök utan þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir leyfisveitingum vegna hjólreiðakeppna sem kemur þá til með að hafa áhrif á félög hjólreiðamanna sem hyggjast stunda hjólreiðakeppnir á vegum.

6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**

- Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa teljandi áhrif á stöðu eins kyns fram yfir annað/önnur.

- Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum

7. **Áhrif á lýðheilsu**

- Megin markmið endurskoðun umferðarlaga er aukið umferðaröryggi. Umtalsverður árangur hefur náðs í baráttunni gegn umferðarslysum hér á landi á undanförunum árum þrátt fyrir mikla aukningu umferðar, fjölgun ökutækja á götum landsins og fjölbreyttari ferðamáta. Það er hins vegar mikilvægt að huga enn frekar að samspili ólíkra samgöngumáta í umferðinni með það að leiðarljósi að auka umferðaröryggi enn frekar. Þá er lögumum ætlað að tryggja betur umferðaröryggi hjólandi og gangandi samgöngumáta sem styður við lýðheilsu markmið á fleiri en einn veg.

8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir**

- Frumvarpið kemur hugsanlega til með að hafa óverulegar breytingar í för með sér varðandi menntun verðandi ökumanna.

9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri**

- Breytingar ekki fyrirséðar.

10. **Áhrif á stjórnýsly, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni**

- Ekki er fyrirséð að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa áhrif á stjórnýsly.

11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar**

- Ekki er fyrirséð að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa í för með sér breytingar sem hafi teljandi áhrif á stöðu einstakra þjóðfélagshópa fram yfir aðra. Í frumvarpinu er aðallega kveðið á um hegðunarreglur sem gilda jafnt um alla þjóðfélagshópa.

12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun** – Gert er ráð fyrir að umferðarlögin taki mið af þeirri þróun sem hefur orðið undanfarin ár og áratugi. Aukinn fjöldi fólks nýti aðra samgöngumáta en einkabílinn og er mikilvægt að umferðarlögin kveði skýrar á um samspil mismunandi samgöngumáta.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag** - Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa teljandi áhrif á gjöld, afkomu og efnahag ríkissjóð. Mögulega aukast tekjur lítilla af hlutlægi ábyrgð eiganda ökutækis vegna hraðakstursbrota í ákveðnum tilvikum verður komið

á þar sem fleiri sektir munu líklega innheimtast m.a. frá erlendum öikumönnum. Þá munu mögulega innheimtast lítillaga hærri fjárhæðir vegna sekta ef verður af hækkun hámarksfjárhæðar sekta.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

- Frumvarpið er enn í vinnslu og því er ekki mögulegt að framkvæma nákvæmt mat á áhrifum fyrir en vinnan er lengra á veg komin.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat) – Ekki er gert ráð fyrir að aukinn kostnaður fylgi samþykkt frumvarpsins auk þess sem samfélagslegur ávinningur af því að tryggja umferðaröryggi með vandaðri og nútímalegri lagasetningu verður ekki metinn til fjár. Þá verður að telja að sú fyrirhöfn sem felst í setningu nýrra umferðarlaga sem tryggi umferðaröryggi betur en verið hefur og hafa það m.a. að markmiði að fækka slysum, blikni í samanburði við ávinninginn sem getur hlotist af auknu umferðaröryggi.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?